

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar Galtalæk



Dags eftirlits	24.11.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Veiði-fiskræktarfélag Landmannaafreittar	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Meiri-Tunga 1B	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	630580-0999	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Vilborg Smáradóttir	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Erlendur Ingvarsson	Staðsetning	

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram við eftirlit. Varða þau að rekstraraðila ber að halda saman skráningum í ársyfirliti, þ.m.t. niðurstöður vöktunar. Skila þarf skráningum ársyfirlits fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár og skila þarf umhverfisupplýsingum árlega, einnig fyrir 1. maí ár hvert. Engar ábendingar eru lagðar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit í Veiðifélag Landmannaafreittar í Galtalæk 2 í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfi rekstraraðila var gefið út þann 20. maí 2021. Umfang starfseminnar miðast við tveggja tonna lífmassa að hámarki á hverjum tíma. Gildistími starfsleyfis er til 20. maí 2037.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áætlanir og viðbrögð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Kynning á fylgiskjölum fundarboðs
- Vettvangsskoðun á starfsvæði rekstraraðila

Við Galtalæk fer fram áframeldi á urriða sem kemur frá seiðaeldisstöðinni að Götu sem kreystir villtan fisk til seiðaeldis. Öll ker eru staðsett utandyra og eru samtals fimm. Þegar eftirlit fór fram var aðeins fiskur í einu ker eða um 3000 einstaklingar. Lítið er um afföll af fiskum, verða þau þá helst tengd flutningum á fiski á milli stöðva. Einn aðstöðuskúr er á staðnum. Hreinsivirki er til staðar, 10.000 L settankur er staðsettur við frárennsli. Frárennslið rennur út í Galtalæk.

Engin opin frávík eru útistandandi úr eftirlitum fyrri ára. Í síðasta eftirliti, sem fór fram 2021 var rekstraraðila bent á að mæla skuli heildarfósfór og heildarköfnunarefni tvisvar á ári, við hámarkslífmassa og við lágmarkslífmassa. Að auki er gert ráð fyrir að mæla þurfi svifagnir og lífrænt efni (TOC, COD eða BOD<sub>5</sub>).

Engar breytingar frá núverandi starfsemi eru fyrirhugaðar hjá rekstraraðila. Nýr tengiliður fyrir rekstraraðila hefur tekið til starfa. Rekstraraðili fékk leiðbeiningar í eftirliti hvaða skyldum ber að fylgja skv. starfsleyfi. Ber að skila ársyfirliti og umhverfisupplýsingum í samræmi við starfsleyfi fyrir 1. maí ár hvert, sem tekur saman undangengið almanaksár.

Var rekstraraðili beðinn um að taka saman allar þær upplýsingar sem krafist er í starfsleyfi og setja saman í ársyfirliti og senda til eftirlitsaðila. Verður því fylgt eftir.

Að auki var rekstraraðili beðinn um að skila upplýsingum til eftirlitsaðila um eftirfarandi atriði; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar (tímabundna og varanlegrar rekstrarstöðvunar) og

áætlun um meðhöndlun úrgangs (dauðfisks og annars úrgangs).

Rekstraraðili fékk kynningu á málefnum fylgiskjala fundarboðs eftirlits, þ.e. á breyttri gjaldskrá Umhverfisstofnunar, breytingu á fyrirkomulagi eftirlita stofnunarinnar og kynningu á áhersluverkefninu, um menguðum jarðveg.

Ekki er tilefni til athugasemda eftir vettvangsskoðun á starfssvæði rekstraraðila.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
4.3 í starfsleyfi:	Taka skal skýni og mæla efnainnihald vatns við inntak í stöðina og í útrás frárennslis skv. útlistun í starfsleyfi. Niðurstöðum mælinga skal skilað árlega til eftirlitsaðila.
4.4 í starfsleyfi:	Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert (fyrir undangengið almanaksár). Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, sbr. kröfum í 3, 4 og 5 kafla.
4.5 frá starfsleyfi:	Rekstraraðili skal skila árlega umhverfisupplýsingum til Umhverfisstofnunar um losun mengandi efna frá starfsstöðinni, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Var ekki skilað inn upplýsingum ársins 2022.



## ÁBENDINGAR

Engar ábendingar eru lagðar fram.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

